

KJARVAL

25% afsláttur

SS hrossakjöt úrbeinað **554** kr./kg
verð áður 738 kr./kg

Hagkvæmt í heimabyggð

20% afsláttur
SS Grand Orange helgarsteik **1798** kr./kg
verð áður 2248

Gott saman!
RW Spare Ribs og Greens maissstonglar **998** kr./pk.

50% afsláttur
Bökunarkartöflur í lausu **99** kr./kg
verð áður 199

Pepsi og Pepsi Max 2 l **199** kr./stk.

Haut hafrakex **299** kr./pk.

44% afsláttur
Góða kartöflusalat **198** kr./pk.
verð áður 354

FP hvítlaksbrauð, 2 stk. **279** kr./pk.

22% afsláttur
Sóthreinsandi þurrkur **169** kr./pk.
verð áður 219

Milkho
Kjöris mjúks vanillu og súkkulaði, 1 l **398** kr./pk.

Doritos snakkpokar **299** kr./pk.

Mentos pocket gum **2 fyrir 1**

KJARVAL Klaufur: Sími: 487 4616 Vík: Sími: 487 1325 Hvolsvöllur: Sími: 585 7590 Þorlákshöfn: Sími: 585 7595 Hella: Sími: 585-7585

SJÁ OPUNARTÍMA Á WWW.KJARVAL.IS

VITINN

UTG. FRET TABUI SIMI: 4871429 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 10 á þriðjudagsmorgnum

Stórbingó

Hristum af okkur öskuna og lyftum okkur upp á Stórbingói Kvenfélagsins í Leikskálum 13. maí n.k. (Uppstigningardag) kl. 20.30

Bingóspjaldið selt á kr. 1.200.-

Allur ágóði rennur til kaupa á augnskoðunartæki fyrir Heilsugæslustöðina í Vík

Meðal vinninga eru: gasgrill, hestaferðir, siglingar, sumarbústaðadvöl, matarkörfur, skartgripir, ásamt mörgum fleiri góðum vinningum
Kaffihlé að hætti Kvenfélagskvenna gegn vægu verði.

Stöndum saman og styrkjum gott málefni

Kvenfélag Hvammshepps

Helstu styrktaraðilar eru:

Heimilistæki, Skálakot Hestaferðir, N1, O. Johnson og Kaaber, Verkalýðsfélag Suðurlands, Kaupás, Optic Reykjavík, Sláturfélag Suðurlands, Flugger litir, Hárgreiðslustofan Vík, Snyrtistofan Vík, Bræðurnir Ormson, Brasseri Askur, Halldórscaffi, Hótel Lundi, Fagradalsbleikja, Eimskip, Jökulsárlón, Dyrhólaeyjaferðir, Hótel Lundi, Bláa lónið, Katla Track, Karl R. Guðmundsson, Sláturhúsið á Hellu, Hótel Dyrhólaey, Framrás, Laugar, Erika I Pauler, Ferðapjónustan Brunnhól, Hestaleigan Skógum, Félagsbúið Þorisholt, Ferðapjónustan Steig, Baldvin og Þorvaldur, Hótel Höfðabrekka.

19. TBL. 14. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 12. MAÍ 2010

SMÁAUGLÝSINGAR



Sumarhátíð Leikskólans Suður-Víkur

sunudaginn 15. maí í Leikskálum kl: 14:00


Söngur og leikþættir, góð skemmtun fyrir alla fjölskylduna, ömmur og afa. Foreldrafélag leikskólans verður með kaffisölu til fjáröflunar fyrir félagið.

Verð: Fullorðnir 1000

Börn: 7-16 ára 500

Frítt fyrir 6 ára og yngri

Hlökkum til að sjá ykkur og eiga með ykkur góðan dag
Börn og starfsfólk Suður-Vík Og Foreldrafélagið.



Aðalfundur Friðar og Frumkrafta

**Aðalfundur Friðar og frumkrafta verður haldinn 17. maí n.k.
kl. 14:00 á Hótel Laka, Efri-Vík.**

Dagskrá fundarins verður með eftirtöldum hætti:

1. Erindi; Kári Kristjánsson landvörður Vatnajökulsþjóðgarðs
2. Stutt kynning félagsmanna
3. Venjuleg aðalfundarstörf
4. Önnur mál

Nýjir félagar velkomnir

Félagið var stofnað 24. september 2009 og eru félagar 23 talsins. Tilgangur félagsins er að efla byggð í Skaftárhreppi, fjölga atvinnutækifærum og standa vörð um þau sem fyrir eru og styrkja markaðsstöðu og ímynd Skaftárhrepps.

Frambjóðendur B-lista Framfarasinna minna á...

...fundinn á Ströndinni í kvöld (12. maí) klukkan 20:00 þar sem íbúum gefst tækifæri til að hafa áhrif á þau málefni sem við munu beita okkur fyrir í komandi sveitarstjórnarkosningum.

Saman gerum við gott samfélag enn betra og horfum bjartsýn fram á við. Vonumst til að sjá sem flesta !

Framfarasinna



Hjálparmiðstöðin í Leikskálum í Vík hefur verið opin frá kl. 11.30 til 13.30 þar sem boðið er upp á léttan hádegisverð.

Það er m.a. kvenfélag Hvammshrepps sem stendur fyrir veitingunum, hefur það verið vel sótt og vel látið af því. Ekki að efa að fólki finnst notalegt að fá hressingu og hittast. Það er mikill styrkur fyrir hvern og einn að finna að enginn er einn í þessum hamförum sem nú dynja yfir.



Þessi mynd var tekin í Vík sl. sunnudag þegar verið var að koma hrossum austur á Síðu í Skaftárhreppi í betri haga.

Myndir: Jónas Erlendsson



Skaftárhreppur auglýsir eftir grenjaskyttu í Meðallandi sumarið 2010.

Umsóknir berist skrifstofu Skaftárhrepps fyrir 20. maí nk.

Nánari upplýsingar gefur Jóhannes Gissurarson,
sími 487 1442 / 849 2166, netfang herjolf@mi.is

Sveitarstjórn



Þeir bræður, Ívar Páll og Sigurður Gýmir Bjartmarssynir, sem báðir eru í Björgunarsveitinni Víkverja í Mýrdal, óku um sveitina sl. föstudag m.a. til að líta til fólksins og athuga hvort hjálpar væri þörf. Þá voru þeir með birgðir af rykgrimum og vatni sem þeir afhentu heimilisfólki. Eiga björgunarsveitir landsins ómældar þakkir skilið fyrir alla þá gríðarlegu vinnu sem þær inna að hendi fyrir landsmenn.

Það er alveg ótrúlegt hversu mikil ógnar ógeð þessi aska er. Hún smýgur allsstaðar í gegn og ef að rignir í hana verður hún eitt forarógeð. Og enginn veit hvenær þessum ósköpum linnir og hreint hörmungarástand hjá mörgum sauðfjárþændum, sem nú eru í miðjum sauðburði.

Það mætti helst líkja þessu við Skaftáreldana 1783, en sem betur fer eru aðrir tímar í dag, og fleiri bjargráð en alvarleikinn er á svipuðum nótum. E

Mynd: Vítinn

HVAR ÞRENGIR AÐ?

MÁLEFNAÞING UM NIÐURSTÖÐUR SKÝRSLU RAUÐA KROSSINS „HVAR ÞRENGIR AÐ?“

Málefnaþingið verður haldið föstudaginn 14. maí kl. 14 - 17
í Háskóla Íslands, Háskólatorgi, stofu 105.

Fundarstjóri Gísli Pálsson prófessor og varamaður í stjórn Rauða kross Íslands.

DAGSKRÁ:

- Kl. 14:00** Setning.
Ungt fólk í atvinnuleit.
- Niðurstöður skýrslunnar **Hvar þrengir að?**
Kristján Sturluson, framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands.
 - Allt á niðurstöðum skýrslunnar **Hvar þrengir að?**
Hjördís Árnadóttir, framkvæmdastjóri fjölskyldu- og félagsþjónustusviðs Reykjanesbæjar.
Lára Björnsdóttir, formaður Stýrihóps velferðarvaktarinnar.
Vilborg Oddsdóttir, félagsráðgjafi hjá Hjálparstarfi kirkjunnar.
- Kl. 15:10** Kaffihlé.
- Fátækt á Íslandi.
Guðný Björk Eydal, félagsráðgjafi og prófessor við Háskóla Íslands.
 - Rauði krossinn og efnahagsþrengingar í Evrópu.
Georg Habsburg, formaður Rauða krossins í Ungverjalandi.
 - Stefna Rauða kross Íslands.
Anna Stefánsdóttir, formaður Rauða kross Íslands.
- Kl. 17:00** Fundarlök.

EKKERT ÞÁTTTÖKUGJALD - ALLIR VELKOMNIR!

skraning@redcross.is

Fréttatilkynning.

Eftirtaldir framboðslistar eru í kjöri til sveitarstjórnar í Skaftárhreppi við sveitarstjórnarkosningar 29. maí 2010.

L listi

Framsýnar- framsýnna íbúa Skaftárhrepps

- | | | |
|--------------------------------|---------------------------------------|-----------------|
| 1. Þorsteinn M. Kristinsson, | lögreglumaður, | Efri-Vík |
| 2. Jóna S. Sigurbjartsdóttir, | hársnyrtímaistari, | Skriðuvöllum 11 |
| 3. Þórunn Júlíusdóttir, | leikskólastjóri, | Seglbúðum |
| 4. Rannveig E. Bjarnadóttir, | matráður, | Skaftárvöllum 8 |
| 5. Bjarki V. Guðnason, | bóndi, | Mariubakka |
| 6. Ingibjörg Eiríksdóttir, | ferðamálafræðingur, | Túngötu 2 |
| 7. Gísli K. Kjartansson, | bóndi, | Geirlandi |
| 8. Kjartan Hjalti Kjartansson, | skólastjóri, | Klausturvegi 4 |
| 9. Kári Kristjánsson, | starfsmaður Vatnajökulsþjóðgarðs, Hæð | |
| 10. Jón Helgason, | fyrirverandi oddviti, | Seglbúðum. |

Ó listi

Skaftárhrepp á kortið

- | | | |
|-----------------------------------|--------------------------------------|------------------------|
| 1. Guðmundur Ingi Ingason, | lögregluvarðstjóri, | Skaftárvöllum 2 |
| 2. Jóhanna Jónsdóttir, | bóndi og ferðaþjónusta, | Hunkubökkum |
| 3. Jóhannes Gissurarson, | bóndi, | Herjólfsstöðum |
| 4. Sverrir Gíslason, | bóndi, | Kirkjubæjarklaustri II |
| 5. Guðmundur Vignir Steinsson, | atvinnurekandi og slökkviliðsstjóri, | Nýjabæ |
| 6. Ragnheiður Hlín Símonardóttir, | bóndi og sjúkraliði, | Kálfafelli 1b |
| 7. Jónína Jóhannesdóttir, | bóndi, | Hvammi |
| 8. Björn Helgi Snorrason, | bóndi, | Kálfafelli 1b |
| 9. Þórunn Harðardóttir, | bóndi og landpóstur, | Ásgarði |
| 10. Magnús Þorfinnsson, | bóndi, | Hæðargarði |

F. h. yfirkjörstjórnar Skaftárhrepps

Guðmundur Óli Sigurgeirsson

formaður

Aðalfundur Skeiðflatarsóknar

Verður haldinn í Eystri-Pétursey þriðjudaginn 18. maí kl. 20:30

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál

Sóknarnefnd



Söngfélag Skaftfellinga í Reykjavík og kórinn Östergök frá Lundi í Svíþjóð verða með tónleika í Félagsheimilinu Kirkjuhvoli á Kirkjubæjarklaustri fimmtudaginn 13. maí kl. 16:00.

Flutt verða íslensk og erlend sönglög. Stjórnandi Söngfélags Skaftfellinga er Friðrik Vignir Stefánsson og Vignir Þór Stefánsson spilar á pianóið. Stjórnandi Östergök er Karín Kállén.

Aðgangur kr. 1. 000. allir velkomnir

Netverslunin - www.fallegfot.is

Mikið úrval að nýjum og ódýrum fötum, sendi um land allt. Nýjar sendingar koma reglulega - skráið ykkur á póstlistann og fylgist með.

Býð upp á Bowen meðferð

Bowen meðferð tekur um það bil 35-45 mínútur. Hægt er að vinna að mestu í gegnum þunn föt. Æskilegar tvær til þrjár meðferðir með viku millibili.

Nánari uppl. í síma 8917810 Sæunn

Eftirtaldir framboðslistar eru í kjöri til sveitarstjórnar í Mýrdalshreppi við sveitarstjórnarkosningar 29. maí 2010.

	Heiti lista:	E-listi Einingar	Listabókstafur: E
1	Einar Bárðarson	Vikurbraut 22	Rafeindavirki
2	Eva Dögg Þorsteinsdóttir	Garðakot	Þroskaþjálfari
3	Sif Hauksdóttir	Austurvegur 17	Kennari/nemi
4	Sveinn Þórðarson	Suðurvíkurvegur 8a	Brúarsmiður
5	Sigríður Kjartansdóttir	Mýrabraut 13	Hjúkrunarfræðingur
6	Steinþór Vigfússon	Brekkur 2	Hótelstjóri
7	Margrét Birgisdóttir	Sunnubraut 24	Snyrtifræðingur
8	Anna Björnsdóttir	Bakkabraut 14	Deildarstjóri
9	Rakel Pálmadóttir	Sigtún 1	Nemi
10	Guðni Einarsson	Þórisholt	Bóndi

	Heiti lista:	B-listi framfarasinna	Listabókstafur: B
1	Ingi Már Björnsson	Suður-Foss	Bóndi
2	Sigurður Elías Guðmundsson	Sunnubraut 8	Framkvæmdastj.
3	Elín Einarsdóttir	Sólheimahjáleiga	Kennari
4	Þorgerður Hlín Gísladóttir	Sigtún 10	Nemi
5	Ólafur St. Björnsson	Reynir	Bóndi
6	Kolbrún Ósk Guðjónsdóttir	Austurvegur 15	Kennari
7	Karl Pálmason	Kerlingardalur	Bóndi
8	Gylfi Júlíusson	Austurvegur 27	Járnsmiður
9	Eiríkur Vilhelm Sigurðarson	Sigtún 3	Nemi
10	Andrína G. Erlingsdóttir	Sólheimakot	Framkvæmdastj.

	Heiti lista:	H-listi hamingjusamra	Listabókstafur: H
1	Tryggvi Ástþórsson	Vikurbraut 30a	Öryrki
2	Hafdís Eggertsdóttir	Sunnubraut 4	Félagslíði
3	Sigurður Magnússon	Suður-Hvoll	Bóndi
4	Pálmi Kristjánsson	Bakkabraut 6a	Verslunarstjóri
5	Kristján Þórðarson	Bakkabraut 3	Smiður
6	Guðrún Hildur Kolbeins	Sunnubraut 6	Ritstjórnarfulltrúi
7	Fríða Brá Pálsdóttir	Vikurbraut 30a	Nemi
8	Ólafur Ingi Þórarinsson	Vikurbraut 9	Verkamaður
9	Sólveig Björnsdóttir	Vikurbraut 30b	Öryrki
10	Sigurður J. Jónsson	Sigtún 2	Vélvirki



Vegna reiðskóla Sindra

Ákveðið hefur verið í ljósi aðstæðna, þ.e. bæði vegna eldgossins í Eyjafjallajökli og vegna hrossaveikinnar sem er að fara um svæðið hér, að fresta reiðskólum Sindra um óákveðinn tíma en vonumst við til þess að hægt verði að halda skólana í sumar samt sem áður.

Með kveðju
Reiðskóla- og æskulýðsnefnd Sindra

Skeiðflatarkirkja í Mýrdal

Minni á áður auglýsta guðsþjónustu á degi aldraðra í Þjóðkirkjunni, í Skeiðflatarkirkju, uppstigningardag 13. maí nk. kl. 14:00.

Kaffi á Hótel Dyrhólaey á eftir í boði sóknarnefndanna í Mýrdal.

Fjölmennum.

Sóknarprestur

Aðalsafnaðarfundur Víkursóknar

Aðalsafnaðarfundur Víkursóknar fyrir árið 2010 sem vera átti í Víkurkirkju að kvöldi uppstigningardags, 13. maí nk.

er frestað til mánudagskvöldsins 17. maí nk. kl. 20:30.

Fundurinn verður í Víkurkirkju.
Venjuleg aðalfundarstörf.

Sóknarnefnd

FUNDARGERÐ MÝRDALSHREPPS

458. fundur sveitarstjórnar Mýrdalshrepps, haldinn fimmtudaginn 29. apríl 2010 kl. 16:00 á skrifstofu hreppsins, Austurvegi 17 í Vík.

Fundinn sátu undirritaðir aðal- og varamenn. Sveinn Þórðarson og Páll Tómasson mæta í stað Þórhildar Jónsdóttur oddvita og Sifjar Hauksdóttur varaoddvita. Sveitarstjóri ritaði fundargerðina á tölvu. Vegna forfalla oddvita og varaoddvita leggur sveitarstjóri til að Sveinn Þórðarson verði settur fundarstjóri. Samþykkt. Fundarstjóri setur fundi.

Gerðir fundarins: Sveitarstjóri gerir grein fyrir verkefnum frá síðasta fundi.

I. Fundargerðir til staðfestingar.

1. Fundargerð 170. fundar skipulags- og byggingarnefndar frá 31. mars 2010. Á fundinum var veitt leyfi til að reisa gistihús í landi Reynis, samþykkt óveruleg breyting á deiliskipulagi fyrir lóðina Mylluland 8 að undan- genginni grenndarkynningu, samþykkt að breyta innra skipulagi jarðhæðar og setja nýjar vörudyr að Ránarbraut 1 og samþykkt stofnun nýrrar 2500m² lóðar úr landi Skeiðflatar. Páll vekur athygli á vanhæfni og tekur ekki þátt í afgreiðslu. Sveitarstjórn staðfestir ofangreindar afgreiðslur.

2. Fundargerð 11. fundar menningarmálanefndar frá 8. apríl 2010. Í 3. lið fundargerðarinnar er sveitarstjórn hvött til að leita leiða til rýmri opnunartíma upplýsingamiðstöðvar ferðamanna. Mýrdalshreppur leggur um 1 millj. kr. til reksturs upplýsingamiðstöðvar á árinu 2010 og er það í samræmi við framlög síðustu ára. Mögulegur opnunartími ræðst af þessari upphæð. Sveitarstjórn hvetur fyrirtæki í ferðapjónustu og tengdum greinum til að koma að rekstrinum sé talin þörf á að auka við þjónustuna. Fundargerðin samþykkt að öðru leyti.

II. Innsend erindi til afgreiðslu.

1. Frá fundi 457 - Bréf Emils Sæmundssonar dags. 19. mars 2010. Emil spyrst fyrir um kostnað við gerð aðalskipulags Mýrdalshrepps frá árinu 1998 og skiptingu kostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga. Einnig kostnað við breytingar og endurbyggingu á áhaldahúsi Mýrdalshrepps og

hvenær vænta megi svars sveitarstjórnar við ósk íbúa að Bakkabraut 6 við því að gera Bakkabraut að lokaðri götu. Sveitarstjóri leggur fram yfirlit þar sem fram kemur að kostnaður við gerð aðalskipulags frá árinu 2002 er um 15,6 millj. kr. Kostnaðarframlag Skipulagssjóðs er 4 millj. kr. Kostnaður við breytingar og endurbyggingu áhaldahús er um 22,5 millj. kr. eða um 69.000 kr/m². Vænta má svars við ósk íbúanna varðandi lokun Bakkabrautar á næsta fundi sveitarstjórnar að lokinni umfjöllun í skipulags- og byggingarnefnd. Sveitarstjóra falið að sækja um aukið framlag frá Skipulagsjóði vegna kostnaðar við gerð aðalskipulags.

2. Bréf Hestamannafélagsins Sindra dags. 14. apríl 2010. Ítrekuð er beiðni frá fyrra ári um styrk til áframhaldandi viðhalds og uppbyggingar á Sindravelli við Pétursey. Í samþykktri fjárhagsáætlun ársins 2010 er gert ráð fyrir 1,1 millj. kr. til reiðvegagerðar, reksturs reiðskóla og vegna Sindravallar. Sveitarstjórn samþykkir að veita Hestamannafélaginu Sindra 1,1 millj. kr. til ofangreindra verkefna enda verði a.m.k. 70 % upphæðarinnar varið til reiðvegagerðar. Farið er fram á að félagið sendi Mýrdalshreppi ársskýslu sína.

3. Bréf Sýslumannsins í Vík dags. 9. apríl 2010 v/útgáfu starfsleyfa. Óskað er umsagnar um ósk um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II að Reyni. Páll tekur ekki þátt í afgreiðslu erindisins. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfi verði gefið út.

III. Málefni til umfjöllunar / afgreiðslu.

1. Ársreikningur 2009 – síðari umræða. Ársreikningurinn var til fyrri umræðu á fundi 25. mars s.l. Sveitarstjórn samþykkir ársreikningur fyrir árið 2009 með undirritun sinni.

2. Kötlusetur – bréf Menningarfélags um Brydebúð dags. 26. apríl 2010. Í bréfinu kemur fram að á aðalfundi Menningarfélags um Brydebúð 10. apríl s.l. hafi félagið samþykkt að taka þátt í stofnun sjálfseignarstofnunarinnar Kötluseturs og leggi fram sem stofnfé húseignina Víkurbraut 28 í Vík, Brydebúð með öllum lóðarréttindum, innanstokksmunum og fjármunum sem komið hafa til vegna styrkja. Einnig kemur fram að stjórn Menningarfélagsins hafi

skipað Kolbrúnu Ósk Guðjónsdóttur í undirbúingsnefnd fyrir stofnun Kötluseturs. Fyrir liggur að Sigurður Sigursveinsson verði fulltrúi Háskólafélags Suðurlands í vinnuhöfnunum og sveitarstjórn hefur áður tilnefnt Þorgerði Einarsdóttur sem fulltrúa Mýrdalshrepps. Sveitarstjórn fagnar niðurstöðu aðalfundar Menningarfélagsins.

3. Málefni fatlaðra – bréf SASS 30. mars 2010. Með bréfinu er kynnt tillaga sem Sigurður H. Helgason stjórnarsýslufræðingur hefur unnið fyrir starfhóp sveitarfélaga á Suðurlandi um væntanlega tilfærslu á málefnum fatlaðra til sveitarfélaga. Tillagan byggir á að starfssvæði Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga sé eitt þjónustusvæði með núverandi félagsþjónustusvæði sem grunneiningar. Óskað er eftir að sveitarfélögin taki afstöðu til tillögunnar fyrir lok apríl. Sveitarstjórn samþykkir að áfram verði unnið að málinu í samræmi við tillöguna og heimilar sveitarstjóra að undirrita sameiginlega stefnyfirlýsingu verði almenn samstaða meðal sunnlenskra sveitarfélaga um málið.

4. Ályktanir Sambands V- skaftfellskra kvenna frá 13. mars 2010. Sambandið hvetur sveitarstjórnir í Vestur-Skaftafellssýslu til að draga hvergi úr grunnþjónustu við íbúana þrátt fyrir undangengnar efnahagsþrengingar. Sambandið beinir því einnig til sveitarstjórnanna að þær beiti sé fyrir því að þegar auglýstar eru stöður háskólamenntaðra einstaklinga í sveitarfélögunum gangi heimafolk fyrir sækni það um. Sveitarstjórn þakkar ábendingarnar.

5. Verklag við staðfestingu ákvarðana skipulagsnefnda. Fyrir liggur minnisblað lögfræðings Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 20. apríl. s.l. þar sem fjallað er um nýlegan úrskurð úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála varðandi staðfestingu fundargerða skipulagsnefnda. Lagt fram til kynningar. Páll vikur af fundi.

6. Skaftfellingsbúð – tilboð. Fyrir liggja 4 tilboð og eitt frávikstilboð í endurnýjun ytra byrðis hússins. Samþykkt að taka lægsta tilboði sem er frá Víkurhúsum slf. Páll kemur inn á fundinn.

IV. Fundargerðir til kynningar:

1. Fundargerð 43. fundar barnaverndarnefndar frá 3. mars 2010.

2. Fundargerð 28. fundar félagsmálanefndar frá 19. apríl 2010.

3. Fundargerð 432. fundar SASS frá 26. mars 2010.

4. Fundargerð 125. fundar heilbrigðisnefndar frá 8. apríl 2010.

5. Fundargerð 291. fundar stjórnar Atvinnuþróunarfélags Suðurlands frá 3. mars 2010.

6. Fundargerð aðalfundar Eignarhaldsfélags Suðurlands frá 26. mars 2010.

V. Annað kynningarefni

1. Bréf UMFÍ dags. 6. apríl 2010.

Fundi slitið kl. 18:50

Sveinn Þórðarson, fundarstjóri, Páll Tómasson, Elín Einarssdóttir, Sveinn Pálsson sveitarstjóri, Karl Pálmason.

Mýrdælingar og nærsveitamenn athugið

Sigurður Ingi Sveinbjörnsson meindýraeyðir, verður í Mýrdalnum kringum 15. maí nk. (Fer eftir veðri)

Sigurður Ingi úðar fyrir flugum og skordýrum í útihúsum, inni og úti í íbúðarhúsum og á garða

Þeir sem vilja nýta sér þjónustu hans vinsaml. hafið samband í síma 487 1237 eða 892 9682, Finnbogi.